

FÉLAGSDÓMUR

Úrskurður miðvikudaginn 11. september 2024.

Mál nr. 7/2024:

Alþýðusamband Íslands

fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands

vegna Verkalýðsfélags Suðurlands

(Leifur Gunnarsson lögmaður)

gegn

Hvalvörðugilslæk ehf.

(Bragi Rúnar Axelsson lögmaður)

Úrskurður Félagsdóms

Mál þetta var tekið til úrskurðar 9. september sl.

Málið úrskurða Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Ívar Þór Jóhannsson, Karl Ó. Karlsson og Ragnheiður Bragadóttir.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands, bæði skráð að Sætúni 1 í Reykjavík, vegna Verkalýðsfélags Suðurlands, Suðurlandsvegi 3 á Hellu.

Stefndi er Hvalvörðugilslækur ehf., Borgartúni 4 í Örfum.

Dómkröfur aðila

- 1 Stefnandi krafðist þess að viðurkennt yrði með dómi „að stefndi hafi brotið gegn 4. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938“ og að stefnda yrði gert að greiða sekt í ríkissjóð. Þá var krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.
- 2 Stefndi krafðist sýknu en til vara að kröfu stefnanda um sekt yrði vísað frá dómi. Þá var krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.
- 3 Í þinghaldi 7. júní 2024 var upplýst að gallar kynnu að vera á kröfugerð stefnanda sem gætu leitt til frávísunar málsins án kröfu, sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Fyrirhugað var að málflytningur vegna þessa færi fram 9. september 2024. Lögmaður stefnanda upplýsti 5. sama mánaðar að hann hygðist fella málið niður.
- 4 Í þinghaldi 9. september 2024 krafðist stefnandi þess að málið yrði fellt niður með vísan til c-liðar 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi tók fram að hann gerði kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda og lagði fram málskostnaðarreikning. Stefnandi krafðist þess að málskostnaður yrði felldur niður en ella að hann yrði hóflegur.
- 5 Málið var tekið til úrskurðar um ákvörðun málskostnaðar og niðurfellingu þess, sbr. 2. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991, eftir að lögmenn höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum málsaðila.

Niðurstaða

- 6 Mál þetta, sem var þingfest 24. apríl 2024, varðar kröfu stefnanda um viðurkenningu á því að stefndi hafi brotið gegn 4. gr. laga nr. 80/1938 með því að fallast ekki á beiðni tiltekins starfsmanns um að vera í stéttarfélagi, hóta honum uppsögn og segja honum upp. Stefndi skilaði greinargerð 4. júní 2024 og hafnaði málatilbúnaði stefnanda.
- 7 Fallist verður á kröfu stefnanda um að mál þetta verði fellt niður, sbr. c-lið 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Það leiðir af 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 að stefnanda ber að greiða stefnda málskostnað sé mál fellt niður af annarri ástæðu en þeirri að stefndi efni þá skyldu sem hann sé krafinn um í máli. Ekki standa rök til að víkja frá þeirri meginreglu og verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað. Að teknu tilliti til umfangs málsins og stöðu þess þegar stefnandi krafðist niðurfellingar málsins þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn með þeim hætti sem greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Mál þetta er fellt niður.

Stefnandi, Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands, vegna Verkalýðsfélags Suðurlands, greiði stefnda, Hvalvörðugilslæk ehf., 300.000 krónur í málskostnað.